

Ár 2023, föstudaginn 14. apríl, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 2/2023

KV

gegn

Stjórn KSÍ, Kórdrengjum, Knattspyrnufélaginu Ægi, Knattspyrnufélagi Garðabæjar – KFG, Hvíta Riddaranum, Hamri og Knattspyrnufélaginu Álafossi

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I.

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp mánudaginn 27. mars 2023, þar sem kröfum KV í fyrsta og þriðja kröfulið er hafnað. Kröfu kæranda skv. öðrum kröfulið var vísað frá aga- og úrskurðarnefnd.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 30. mars 2023 þar sem KV gerir eftirfarandi kröfur:

a) Að hinn áfrýjaði úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði felldur úr gildi.

Að fallist verði á kröfur áfrýjanda en þær eru:

- b) Að felld verði úr gildi ákvörðun stjórnar KSÍ frá 18. febrúar 2023 að taka ekki til greina þátttökutilkynningu Kórdrengja vegna keppnistímabilsins 2023 og þess í stað flytja Knattspyrnufélagið Ægi í Lengjudeild karla í stað Kórdrengja.
- c) Að staðfest verði að félagið Kórdrengir uppfylli ekki skilyrði leyfiskerfis Knattspyrnusambands Íslands.
- d) Að staðfest verði að Knattspyrnufélag Vesturbæjar skuli leika í Lengjudeild karla (næst efstu deild) sumarið 2023.

II

Áfrýjandi er Knattspyrnufélag Vesturbæjar sem leikur sem stendur í 2. deild karla.

Málavextir eru raktir með eftirfarandi hætti í hinum áfrýjaða úrskurði:

Þann 8. nóvember 2022 skiluðu Kórdrengir inn staðfestingu um þátttöku í Íslandsmóti meistaraflokks karla 2023 og Lengjubikarnum 2023 á þar til gerðu eyðublaði. Um leið var félagið minnt á að þátttökutilkynningar í landsmót skyldu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum

fyrir 10. janúar. Óundirrituð tilkynning Kórdregja um þátttöku í Íslandsmóti og mjólkurbíkar barst KSÍ 14. janúar 2023. Í kjölfar þess var óskað eftir því við Kórdregi að félagið sendi inn tilkynningu sína undirritaða. Undirrituð þátttökutilkynning barst frá Kórdregjum 7. febrúar 2023. Í þátttökutilkynningu Kórdregja var Kaplakrikavöllur tilgreindur sem heimavöllur félagsins. Við eftirgrennsan barst skrifstofu KSÍ bréf frá knattspyrnudeild FH þann 16. febrúar sl. þar sem fram kom Kórdregir myndu ekki spila á Kaplakrikavelli í sumar.

Með tölvupósti til Kórdregja þann 16. febrúar var félagið upplýst um að FH hefði tilkynnt skrifstofu KSÍ um að Kórdregir væru ekki með heimavöll á Kaplakrikavelli líkt og fram kæmi í þátttökutilkynningu Kórdregja. Samkvæmt því væri félagið ekki með leikvöll fyrir keppnistímabilið 2023. Kórdregjum var gefið tækifæri á að tilkynna skrifstofu KSÍ um nýjan leikvöll sem uppfyllti vallarleyfi í keppni í Lengjudeild karla fyrir kl. 12:00 þann 17. febrúar. Var félaginu gerð grein fyrir því að ekki yrði tilkynnt um nýjan leikvöll innan frestsins þá yrði þátttökutilkynning Kórdregja ekki tekin til greina skv. grein 13.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Ekki bárust upplýsingar frá Kórdregjum um nýjan leikvöll innan fyrrgreinds frest.

Á fundi stjórnar KSÍ 18. febrúar 2023 var tekin ákvörðun um taka þátttökutilkynningu Kórdregja ekki til greina vegna keppnistímabilsins 2023 með vísan til greina 13.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Kórdregir hefðu ekki tilkynnt KSÍ um leikvöll fyrir mót sumarsins þrátt fyrir beiðni þar um. Var ákvörðun stjórnar birt á heimasíðu sambandsins sama dag. Ákveðið var með vísan greinar 23.1.11 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að Knattspyrnufélagið Ægir flyttist í Lengjudeild karla í stað Kórdregja.

III

Í greinargerð frá KV vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Áfrýjandi telur að stjórn KSÍ hafi verið óheimil ákvörðun um að hafna þátttökuleyfi Kórdregja nema á þeim forsendum einum að þeir standist ekki leyfiskerfi KSÍ fyrir knattspyrnumót sumarsins 2023.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er skýr. Þar kemur fram í gr. 23.1.12. C Ef sæti losnar í 1. deild vegna þess að umsókn um þátttökuleyfi var hafnað skal liðið sem féll úr deildinni árið áður og var í næstneðsta sæti, taka lausa sætið ef það uppfyllir skilyrði til þátttökuleyfis í 1. deild, ella liðið sem varð í neðsta sæti, og síðan liðið sem varð í 3. sæti í 2. deild, o.s.frv.

Lið Kórdregja hafði sent inn lögmeða þátttökutilkynningu. Ætlar áfrýjandi að stjórn KSÍ geti ekki einhliða tekið þá ákvörðun að afturkalla lögmeða þátttökutilkynningu án þess að tilgreina með skýrum hætti hvernig sú ákvörðun er fengin. Það sem meira er þá er fullkomlega óljóst við hvaða ákvæði er stuðst.

Áfrýjandi telur að stjórn KSÍ geti ekki borið fyrir sig að óljóst hafi verið um vallarmál Kórdregja. Ljóst mátti vera að erfiðleikar voru hjá fyrirsvarsmönnum Kórdregja að manna lið þeirra. Höfðu þeir verið í samskiptum við nokkur félög um samstarfs. Eitt þeirra var lið FH. Höfðu Kórdregir samið við FH um afnot af velli félagsins til keppni en til umræðu var einnig að FH tæki yfir starfsmenni Kórdregja.

[...] Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót segir í grein 23.11.1

Ef lið dregur sig úr eða er vísað úr keppni, má það hefja þátttöku í Utandeild á næsta leikári. Ef um er að ræða lið í efstu deild, 1., 2., 3., 4. eða 5. deild, skal almenna reglan vera að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan flytjast upp um deild. Ef slíkt er afleiðing þess að þáttökuleyfi hefur ekki verið veitt eða dregið til baka samkvæmt leyfiskerfi KSÍ, skal þó farið eftir næstu grein, 23.1.12.

Kórdrengir drógu sig ekki úr keppni. Stjórn KSÍ vísaði ekki Kórdrengjum úr keppni. Knattspyrnusamband Íslands birti frétt á heimasíðu sinni 18. febrúar þar sem segir:
Mótanefnd KSÍ fundaði á föstudag um stöðu Kórdrengja og knattspyrnumóta sumarsins 2023 og stjórn KSÍ fundaði um málið í dag, laugardag. Stjórn KSÍ hefur ákveðið að taka þáttökutilkynningu Kórdrengja ekki til greina og byggir ákörðun sína á grein 13.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

[...] Grein 13.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót tilgreinir
Þáttökutilkynningar í landsmótum skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. janúar. Félög sem rétt eiga til þátttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þátttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þáttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar, sem og helmíngur þáttökugjalda, helmíngur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni (ef við á) og ógreiddar skuldir fyrra árs. Eftirstöðvar þessara gjalda skal inna af hendi eigi síðar en 30. apríl sama ár ella hefur þáttökutilkynning ekki verið staðfest.

[...]Enginn munur er á þáttökutilkynningum liða, KR, KV, FH og Kórdrengja. Engar athugasemdir höfðu verið gerðar við þær tilkynningar. Hafði mótanefnd einmitt í trausti fyrrgreindra tilkynninga raðað leikjum félaganna niður. Því hefur ekki verið haldið fram að Kórdrengir hafi ranglega tilgreint Kaplakrika sem sinn heimavöll á þáttökutilkynningu sinni.

[...]Það er tiltekið að mótanefnd hafi fundað á föstudegi og síðan hafi stjórn KSÍ á fundi sínum tekið ákvörðun. Fundargerð KSÍ lá ekki fyrir þegar áfryjandi kærði. Engin bókun mótanefndar né heldur skýring á því af hverju stjórn KSÍ í yfirlýsingu sinni vísar til mótanefndar. Hvergi kom það fram af hverju fyrrgreind ákvörðun var tekin, hverjir stóðu að þeirri samþykkt né heldur hvort fyrir lægi að KSÍ hafi rætt við hagsmunaaðila fyrir ákvörðunartöku. KSÍ hefur að einhverju leyti leitast við að upplýsa málið eftir að kæra var lögð fram.

Eftir fréttatilkynningu KSÍ höfðu forsvarsmenn KV samband við KSÍ í leit að útskýringum. Til svara fyrir KSÍ voru þeir Birkis Sveinsson mótastjóri og Haukur Hinriksson lögmaður sambandsins. Þeir fullyrtu að þetta væri vegna þess að Kórdrengir höfðu tilkynnt Kaplakrika sem sinn heimavöll. Undraði þetta svar enda lá fyrir að athugasemdalaust höfðu leikir Kórdrengja í Lengjudeild verið settir á þann völl (fskj. d)

Það sem meira er að 16. janúar hafði Birkir Sveinsson mótastjóri í viðtali við fotbolta.net staðfest þáttökutilkynningu Kórdrengja. Jafnframt að upplýst væri að félagið myndi spila í Kaplakrika og að félagið væri í viðræðum við FH um yfirtöku (fskj. a)

[...]Á sama tíma og þetta var í gangi þá voru gagnaskil vegna leyfiskerfis hjá félögum í efstu tveimur deildum karla. KSÍ tjáði forsvarsmönnum KV að Kórdrengir væru ekki að standa skil á þeim gögnum sem óskað væri eftir í leyfiskerfinu, hvorki fyrir né eftir gefnar dagsetningar. Þó var ekki vísað sérstaklega til vallamála. Kórdrengir voru því ekki að skila inn gögnum sem skæru úr um þáttökurétt þeirra í mótum sumarsins innan leyfiskerfis KSÍ.

Var því fyrirsjáanlegt að Kórdrengir myndu ekki standast leyfiskerfi KSÍ. Ætlar áfrýjandi því að það hafi ekki uppástaðið stjórn KSÍ að taka þá ákvörðun að hvort þátttökuutilkynning Kórdrengja skyldi teljast ólögleg.

Telur áfrýjandi að stjórn KSÍ hafi reynd búið til nýja reglu sem fer í bága við ákvæði 23.11.1 og 23.12. reglna um knattspyrnumót KSÍ. Það sem meira er að með þessari ákvörðun sinni þá ákvað stjórn KSÍ upp á sitt einsdæmi að velja það lið sem skyldi leika í Lengjudeild karla 2023. Engin málefnaleg sjónarmið liggja að baki ákvörðun þessari. Hún skortir lagastoð og er ekki í anda við reglur hins fagra leiks.

Stjórn KSÍ hefur enga heimild til þess að nýta sér gr. 13.4. reglugerðar um knattspyrnumót til þess að hafna þátttökuutilkynningu byggt á leikstað. Upplýstist eftir kæru áfrýjanda að tölvupóstsamskipti höfðu verið milli Birkis Sveinssonar mótastjóra KSÍ og Davíðs Þórs Viðarssonar hjá FH þar sem fram kom að ekki yrði úr samstarfi milli FH og Kórdrengja og því lægi fyrir að þeir hefðu ekki heimavöll að Kaplakrika.

Hins vegar ef Kórdrengir standast ekki leyfiskerfi KSÍ, eins og raunin varð, þá er þeim meinud þátttaka á grundvelli þess. Þá um leið virkjast gr. 23.1.12.C og við það heldur Knattspyrnufélags Vesturbæjar sæti sínu í Lengjudeild karla 2023.

[...]Fimmtudaginn 16. febrúar kl. 10:16 sendir Birkir Sveinsson FH-ingum tölvupóst. Þeim pósti er svarað af Davíð Viðarssyni kl. 11:56. Fram kemur að ekki verði samstarf milli FH og Kórdrengja og að þeir muni því ekki spila á Kaplakrikavelli þetta sumarið.

[...]Þá kemur það skýrt fram að fyrirspurn KSÍ tekur til þess að óheimilt sé að leika á aðalvelli FH en ekki til annarra valla sem FH hefur yfir að ráða. Þó ekki sé um stórt atriði að ræða er ljóst að fyrirspurn KSÍ miðar að ákveðnu svari. Svar FH-inga er enda í samræmi við það. Allt að einu er ljóst af svari Davíðs að Kórdrengir hefðu mátt trúá því að þeir fengju afnot af Kaplakrikavelli áður en upp úr viðræðum um samstarf slitnaði.

Umræddur tölvupóstur[tölvupóstur KSÍ til Kórdrengja 16. febrúar 2023] er sendur kl. 12:16. Vekur athygli að forsvarsmenn Kórdrengja fá ekki fullan sólarhring til þess að bregðast við erindi KSÍ.

Ekki er að sjá að fyrirvarsmenn Kórdrengja hafi vitað af þessum pósti eða að pósturinn hafi verið lesinn af þeim. Engin lestillkynning liggur fyrir sem hefði verið nauðsynleg í ljósi þess hve mikið var undir. Með hliðsjón af þeirri stöðu sem upp var komin hjá Kórdrengjum má ætla að lítill kraftur hafi verið í starfi þeirra í febrúar 2023. Kórdrengir virðast ekki hafa brugðist við fyrrgreindum pósti með neinni tilkynningu. Ætlar þó áfrýjandi að sú staðreynd hafi ekki veitt stjórn KSÍ heimild til hinnar kærðu ákvörðunar.

Eftir ætlaðan fund stjórnar KSÍ sendi Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ póst til fyrirvarsmanna Kórdrengja. Af póstinum má ráða að öðru fremur sé það rökstuðningur fyrir ákvörðun stjórnar KSÍ að hafna þátttökuutilkynningu Kórdrengja að þeir hafi ekki yfir að ráða velli. Í gr. 13.4. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er tiltekið að þátttökuutilkynningar skuli ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ. Sú staðreynd að Kórdrengir höfðu ekki knattspyrnuvöll til umráða gat verið forráðamönnum Kórdrengja fyrst ljóst í hádegi fimmtudagsins 16. febrúar. Innan við 48 tímum síðar er búið að vísa þeim úr öllum keppnum á vegum KSÍ. Jafnvel þó að fyrir lægi á fundi stjórnar KSÍ að erfíðlega hefði gengið að ná á forsvarsmenn Kórdrengja. Það var því stjórn KSÍ óljóst hvort að Kórdrengir yfir höfuð vissu af stöðu mála. Telur áfrýjandi að ákvörðun stjórnar KSÍ hafi um vallamál hafi fyrst og síðast verið

fyrirsláttur. Er á það bent að árið 2021 þegar Kórdrengir tóku fyrst þátt í næst efstu deild karla þá lágu upplýsingar um vallyngingur þeirra ekki fyrir fyrr en mars/apríl. Höfðu þeir þá áður spilað á Safamýrarvelli en færðu sig svo fyrir Íslandsmótið yfir á heimavöll Leiknis. Það var því ekki nein sérstök krafa að fyrir lægju upplýsingar um heimavöll Kórdrengja þegar stjórn KSÍ tók ákvörðun.

Það er því rangt að leikvöllur félagsins sé grundvöllur fyrir þátttöku og að tilgreining á nákvæmum leikstað sé forsenda þess að hægt sé að keppa. Má þannig benda á að Fram lék sinn fyrsta heimaleik árið 2022 í Safamýri en færði sig svo yfir á völinn í Úlfarsárdal síðar. Nákvæm tilgreining á leikvelli á þátttökutilkynningu er því ekki forsenda þess að leyfi sé veitt heldur sú staðreynd hvort félag geti boðið upp á leikvöll þegar á reynir.

[...]Samkvæmt skráðri fundargerð KSÍ hófst fundur kl. 9:30 laugardaginn 18. febrúar 2023 og lauk klukkan 10:45. Umrædd fundargerð varð hins vegar hvorki samþykkt né heldur staðfest fyrr en á tímabilinu 1. – 3. mars 2023, sbr. rafræna vottun stjórnarmanna. Fyrir liggur því að þegar tilkynning KSÍ var send út 18. febrúar 2023 hafði stjórn KSÍ í reynd ekki samþykkt sína eigin fundargerð. Þá má með réttu halda því fram að framkvæmdastjóri KSÍ hafi verið umboðslaus þegar hann sendi Kórdrengjum tölvupóst laugardaginn 18. febrúar og að tilkynning KSÍ þann sama dag um breytingu á niðurröðun móta hafi verið óheimil.

[...]Áfrýjandi telur að stjórn KSÍ hafi farið út fyrir valdheimildir sínar og sýnt af sér óvönduð og flautursleg vinnubrögð. Hafi þetta leitt til þess að sett er í uppnám allt Íslandsmótið í knattspyrnu árið 2023.

IV

Í greinargerð frá varnaraðila stjórn KSÍ vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Varnaraðili KSÍ byggir á sömu röksemdum og lagatilvísunum og fram koma í greinargerð KSÍ til aga- og úrskurðarnefndar og vísar til hennar. Varnaraðili KSÍ telur að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar sé réttur og í fullu samræmi við lög og reglugerðir sambandsins.

Samkvæmt grein 18.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót (hér eftir „reglugerðin“) skulu leikir í knattspyrnumótum á vegum KSÍ fara fram á leikvöllum sem uppfylla kröfur sem settar eru fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Í grein 18.2. segir að félög skuli tilkynna KSÍ um stærð og gerð leikvallar sem félagið hyggst leika á fyrir 10. janúar ár hvert og jafnframt leikvallar til vara verði aðalleikvöllur óleikfær. Uppfylli leikvöllur félags ekki kröfur um lágmarksstærð skal umsókn þess um þátttöku í mótum á vegum KSÍ hafnað. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir því í eyðublaði þátttökutilkynningar, sem skal berast skrifstofu KSÍ fyrir 10. janúar ár hvert, sbr. grein 13.4 í reglugerðinni, að félög tilgreini heiti og gerð heimavallar (keppnisvallar í meistaraflokki) sem og annan til vara verði aðalvöllur óleikfær. Samkvæmt síðastnefndu ákvæði verða þátttökutilkynningar ekki teknar til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar. Af framangreindum greinum 18.2. og 13.4. í reglugerðinni leiðir að hafna verður umsókn um þátttöku ef félag hefur ekki yfir að ráð leikvelli sem uppfyllir kröfur um lágmarksstærð skv. grein 7.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga til að tilgreina í þátttökutilkynningu.

Í þátttökutilkynningu Kórdrengja var Kaplakrikavöllur, sem er heimavöllur FH, tilgreindur sem heimavöllur félagsins. Í samræmi við hefðbundið verklag hjá varnaraðila KSÍ var borið undir FH hvort Kórdrengir hefðu heimild félagsins til að leika á völlum í komandi landsmótum. FH svaraði

því neitandi. Kórdregjum var í framhaldinu veittur frestur til að tilkynna KSÍ um nýjan leikvöll sem uppfyllti tilskildar kröfur. Slík tilkynning barst ekki innan frests (og hefur heldur ekki borist eftir hann). Umsókn Kórdregja um þátttöku í Íslandsmóti og mjólkurbikar var því hafnað og var sú ákvörðun varnaraðila KSÍ í fullu samræmi við greinar 13.4 og 18.2. í reglugerðinni. Þegar liði er vísað úr keppni í Íslandsmóti er almenna reglan sú að liðið í 3. sæti næstu deildar fyrir neðan skuli flytjast upp um deild, sbr. fyrsti og annar másl. greinar 23.1.11 í reglugerðinni. Í samræmi við þessa meginreglu tók varnaraðili KSÍ þá ákvörðun 18. febrúar 2023 að Ægir, sem lent hafði í 3. sæti 2. deildar árið 2022, flyttist í Lengjudeild karla í stað Kórdregja.

Varnaraðili KSÍ ítrekar það grundvallaratriði að það var ekki á færi stjórnar KSÍ að hafna þátttökuleyfi Kórdregja á grundvelli leyfiskerfis KSÍ. Slík ákvörðun er eingöngu á forræði sérstaks leyfisráðs sambandsins, sbr. 1. og 2. tölulið 7. gr. leyfisreglugerðar KSÍ. Kórdregir skiluðu ekki inn tilskyldum leyfisgögnum vegna leyfiskerfis KSÍ innan tilgreinds frest, sbr. fskj. nr. 3 með greinargerð KSÍ til aga- og úrskurðarnefndar, og heldur ekki eftir frestinn ef því er að skipta. Því kom aldrei til álita að vísa Kórdregjum úr keppni í Íslandsmóti á þeim grunni að þeir fengu „ekki viðeigandi stig af þátttökuleyfi í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ“ svo notað sé orðalag greinar 23.1.12 í reglugerðinni sem kærandi byggir á að hafa átt að beita. Þar af leiðandi kom aldrei til greina að beita c-lið ákvæðisins og láta liðið sem féll úr 1. deild árið áður og var í næstneðsta sæti, þ.e. áfrýjanda, taka sæti Kórdregja.

[...] Í efnisgrein 68 o.áfr. í áfrýjun áfrýjanda er því haldið fram að þar sem fundargerð fundar stjórnar KSÍ 18. febrúar 2023 hafi ekki verið undirrituð fyrir en eftir á, hafi framkvæmdastjóri KSÍ verið umboðslaus þegar hún sendi Kórdregjum tölvupóst um ákvörðunina sama dag. Þetta stenst auðvitað engan veginn. Það er ekki deilt um að umræddur fundur fór fram og að hin umþrætta ákvörðun hafi verið tekin á honum. Þótt fundargerð fundar stjórnar sé undirrituð síðar breytir það engu um gildi þeirra ákvarðana sem sannarlega teknar eru á fundinum. Um er að ræða alþekkt fyrirkomulag hjá hinum ýmsu tegundum félaga.

Í efnisgrein 83. o.áfr. í áfrýjun er því haldið fram að sú fullyrðing í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar, að Kórdregir hafi ekki bætt úr títtnefndum ágalla á þátttökutilkynningu þrátt fyrir áskoranir þess efnis, sé röng. Virðist áfrýjandi byggja á því að ekki sé hægt að líta á tölvupóst varnaraðila KSÍ 16. febrúar 2023 sem áskorun þar sem „óljóst er með öllu að forsvarsmenn Kórdregja hafi yfir höfuð fengið þennan póst“. Þá hefur áfrýjandi einnig haldið því fram að Kórdregir hafi fengið of skamman frest til að bæta úr ágallanum. Hér er þess fyrst að gæta að Kórdregir hafa hvergi haldið því fram að þeir hafi ekki fengið umræddan tölvupóst eða að þeim þætti fresturinn of skammur. Tölvupóstur var sendur á netföng bæði formanns og framkvæmdastjóra Kórdregja. Kórdregir höfðu notað þessi sömu netföng í fyrri samskiptum við KSÍ og tilgreindu þau einnig í sjálfri þátttökutilkynningunni, sbr. fylgiskjöl nr. 1 og 2 með greinargerð varnaraðila KSÍ til aga- og úrskurðarnefndar. Það verður því að leggja til grundvallar að tölvupósturinn 16. febrúar 2023 hafi borist Kórdregjum.

[...] Varðandi efnisgreinar 88-89 í áfrýjun og áskorun áfrýjanda í efnisgrein 92 hennar tekur varnaraðili KSÍ fram að óundirritaða þátttökutilkynningin sem Kórdregir sendu 14. janúar 2023 var síðata þátttökutilkynningin sem barst KSÍ. Eins og áður hefur komið fram barst ekki undirrituð fyrir en 7. febrúar s.á. Varðandi áskorunina í efnisgrein 92 í áfrýjun þá er það vissulega svo að KSÍ er ekki búíð að viðskiptafæra gjöld á félög vegna þátttöku í mótum sumarsins sem helgast af miklum breytingum og færslum varðandi þátttöku liða þannig fjárhæð endanleg þátttökugjalds liggur ekki fyrir í öllum tilvikum. Varnaraðili KSÍ tekur fram að hann telur framangreint ekki hafa þýðingu, enda hefur KSÍ aldrei byggt á því að Kórdregjum hafi verið vísað úr keppni vegna vanefnda á greiðslu þátttökugjalds.

V

Varnaraðilum Kórdrengjum, Knattspyrnufélaginu Ægi, Knattspyrnufélagi Garðabæjar – KFG, Hvíta Riddaranum, Hamri og Knattspyrnufélaginu Álafossi var gefinn kostur á að skila greinargerð í málinu bæði fyrir aga- og úrskurðarnefndar og nú áfrýjunardómstóli. Hafa nefndir varnaraðilar ekki látið málið til sín taka að öðru leiti en því að áfrýjunardómstólnum barst tölvupóstur frá áfrýjanda með yfirlýsingu f.h. Kórdrengja er dagsett er þann 13. apríl 2023.

VI

Niðurstaða

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 27. mars 2023. Með honum var hafnað kröfu áfrýjanda um að felld yrði úr gildi sú ákvörðun stjórnar KSÍ frá 18. febrúar 2023 að taka ekki til greina þátttökutilkynningu Kórdrengja vegna keppnistímabilsins 2023 og þess í stað að flytja Knattspyrnufélagið Ægi í Lengjudeild karla í stað Kórdrengja. Þá var kröfu áfrýjanda um að staðfest verði að Knattspyrnufélag Vesturbæjar skuli leika í Lengjudeild karla sumarið 2023 hafnað. Loks var kröfu áfrýjanda, um að staðfest yrði að félagið Kórdrengir hafi ekki uppfyllt skilyrði leyfiskerfis Knattspyrnusambands Íslands, vísað frá aga- og úrskurðarnefnd.

Í hinum áfrýjaða úrskurði telur aga- og úrskurðarnefnd að þátttökutilkynning Kórdrengja frá 7. febrúar 2023 hafi ekki uppfyllt þann áskilnað sem gerður er í gr. 13.4, sbr. og gr. 18.2 í reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og í samræmi við skýran áskilnað gr. 13.4 hafi varnaraðila, KSÍ, borið að bregðast við með þeim hætti að taka ekki þátttökutilkynningu til greina. Í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar segir enn fremur að samkvæmt gr. 17.1.7 í lögum KSÍ fari stjórn KSÍ með yfirumsjón með landsmótum. Samkvæmt því hafi stjórn KSÍ verið til þess bær að fjalla um þátttökutilkynningu Kórdrengja og álitaeftni henni tengdri. Samkvæmt gr. 7.2 og 7.3 í leyfisreglugerð KSÍ sé ljóst að úrskurðarvald er varðar veitingu þátttökuleyfis sé falið Leyfisráði og eftir atvikum Leyfisráði. Því sé ljóst m.t.t. gr. 2.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál að aga- og úrskurðarnefnd hafi ekki úrskurðarvald um það hvort þátttökuleyfi skuli veitt eða því hafnað. Að því virtu hafi stjórn KSÍ borið, við endurröðun liða vegna brottfalls Kórdrengja, að miða við hina almennu reglu í gr. 23.1.11 og hafi Knattspyrnufélagið Ægir því réttilega verið flutt upp um deild í Lengjudeild karla.

Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sbr. grein 33.5 laga KSÍ. Í grein 31.1. laga KSÍ er kveðið á um hvernig skipta skuli þátttökuliðum í Íslandsmóti meistaraflakks karla í deildir. Í III. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er kveðið nánar á um mótareglur, s.s. þátttökurétt liða og knattspyrnuvelli. Grundvöllur fyrir þátttökurétti í knattspyrnumótum, skv. grein 13.4 reglugerðar um knattspyrnumót, er að þátttökutilkynningar á sérstökum eyðublöðum, ásamt nauðsynlegum upplýsingum skv. reglugerðinni og fyrirmælum mótanefndar, skuli berast skrifstofu KSÍ fyrir 10. janúar ár hvert. Uppfylli þátttökutilkynningar ekki áskilnað greinar 13.4. reglugerðarinnar verða þær ekki teknar til greina.

Um keppnisvelli er fjallað í 18. gr. reglugerðarinnar en þar segir í grein 18.1 að leikir í knattspyrnumótum á vegum KSÍ skulu fara fram á leikvöllum sem uppfylla kröfur sem settar eru fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Félög skulu tilkynna KSÍ um stærð og gerð leikvallar sem félagið hyggst leika á fyrir 10. janúar ár hvert og uppfylli leikvöllur félags ekki kröfur um lágmarksstærð skal umsókn þess um þátttöku í mótum á vegum KSÍ hafnað, sbr. grein 18.2. Í undirritaðri þátttökutilkynningu Kórdrengja sem barst KSÍ 7. febrúar 2023 var

Kaplakrikavöllur tilgreindur sem heimavöllur félagsins. Fyrir liggur í gögnum málsins að Kórdrengir höfðu ekki heimild til að nota Kaplakrikavöll sem heimavöll. Ekki verður séð á gögnum málsins að Kórdrengir hafi á einhverjum tímapunkti bætt úr þeim ágalla á þáttökutilkynningu sinni að tilkynna um völl, sem félagið hefði heimild til að leika á og fullnægði lágmarkskröfum reglugerðarinnar um leikvöll, hvorki innan þess frests sem veittur var af hálfu KSÍ eða síðar. Þegar af þeirri ástæðu og með vísan til gr. 13.4, sbr. og gr. 18.2 í reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót bar að hafna þáttökutilkynningu Kórdrengja enda augljóst að lið getur ekki tekið þátt í mótum á vegum KSÍ án þess að hafa til þess leikvöll sem fullnægir kröfum reglugerða KSÍ. Það er mat dómsins, með vísan til greinar 17.1.7. í lögum KSÍ, að stjórn KSÍ hafi verið til þess bær að taka ákvörðun um hvort taka ætti þáttökutilkynningu Kórdrengja til greina vegna keppni í 1. deild karla keppnistímabilið 2023. Dómurinn tekur undir það með aga- og úrskurðarnefnd að stjórn KSÍ hafi við endurröðun liða borið að miða við hina almennu reglu í gr. 23.1.11 og var Ægir því réttilega fluttur upp um deild í Lengjudeild karla vegna brottfalls Kórdrengja.

Að mati dómsins kemur aðeins til álita að beita grein 23.1.12 í reglugerð um knattspyrnumót um færslu liða á milli deilda ef félag fær ekki viðeigandi stig í hefðbundnu umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ. Af gögnum málsins verður ekki séð að Kórdrengir hafi verið leyfisumsækjandi í umsóknarferli skv. leyfiskerfi KSÍ. Hafi ákvörðun stjórnar KSÍ, sem tekin var þann 18. febrúar 2023, um færslu liða á milli deilda, því ekki getað tekið mið af grein 23.1.12. Þar sem Kórdrengir tóku ekki þátt í hinu hefðbundna umsóknarferli, skv. leyfiskerfi KSÍ, sem jafnframt var á þeirri stundu fjarri því að vera lokið. Fallast ber á niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar að samkvæmt gr. 7.2 og 7.3 í leyfisreglugerð KSÍ sé ljóst að úrskurðarvald er varðar veitingu þáttökuleyfis sé falið leyfisráði og eftir atvikum leyfisráði. Því sé ljóst m.t.t. gr. 2.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál að aga- og úrskurðarnefnd hafi ekki úrskurðarvald um það hvort þáttökuleyfi skuli veitt eða því hafnað. Sömuleiðis sé það aðeins á færi leyfisráðs KSÍ og eftir atvikum leyfisráðs að meta hvort skilyrði leyfiskerfis KSÍ séu uppfyllt.

Með vísan til framangreindra forsendna verður kröfu áfrýjanda um að staðfest verði að félagið Kórdrengir uppfylli ekki skilyrði leyfiskerfis Knattspyrnusambands Íslands vísað frá aga- og úrskurðarnefnd. Á sömu forsendum er kröfu áfrýjanda um að Knattspyrnufélag Vesturbæjar skuli leika í Lengjudeild karla (næst efstu deild) sumarið 2023 vísað frá aga- og úrskurðarnefnd.

Með vísan til þessa og að öðru leyti með vísan til forsendna í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ er hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur er varðar höfnun á kröfuleið um ógildingu ákvörðunar stjórnar KSÍ frá 18. febrúar 2023. Kröfum áfrýjanda um að staðfest verði að félagið Kórdrengir uppfylli ekki skilyrði leyfiskerfis Knattspyrnusambands Íslands og að staðfest verði að Knattspyrnufélag Vesturbæjar skuli leika í Lengjudeild karla (næst efstu deild) sumarið 2023 er vísað frá aga- og úrskurðarnefnd.

Dómsorð

Kröfu áfrýjanda um að felld verði úr gildi ákvörðun stjórnar KSÍ frá 18. febrúar 2023 að taka ekki til greina þáttökutilkynningu Kórdrengja vegna keppnistímabilsins 2023 og þess í stað flytja Knattspyrnufélagið Ægi í Lengjudeild karla í stað Kórdrengja er hafnað.

Kröfu áfrýjanda um að staðfest verði að félagið Kórdrengir uppfylli ekki skilyrði leyfiskerfis Knattspyrnusambands Íslands er vísað frá aga- og úrskurðarnefnd.

Kröfu áfrýjanda um að Knattspyrnufélag Vesturbæjar skuli leika í Lengjudeild karla (næst efstu deild) sumarið 2023 er vísað frá aga- og úrskurðarnefnd.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]